Byggðasafn Skagfirðinga

Ársskýrsla 2008

Efnisyfirlit

Formáli 2
I Byggðasafn Skagfirðinga 3
Starfsfólk 3
Söfnun og skráningar 3
Rannsóknir 4
Styrkir 4
Safnkennsla, fyrirlestrar, endurmenntun og fleira 6
Sýningar og sýningagestir 7
Safnmunalán og -viðgerðir 8
Umhirða húsa og lóðar 9
Viðurkenning 9
Útgáfa 10
Skipulag safnsvæðisins 10
III Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga 2008 12
Starfsemi 2008 12
Starfsfólk 12
Styrkir 12
Fornleifarannsóknir í Skagafirði 2008 12
Kirkjurannsóknin 12
Byggðasögurannsóknir 14
Fornleifaskráning 15
Verkefni utan héraðs 15
Kynning og miðlun 16
Kennsla og fyrirlestrar 16
Sýningar 17
Útgáfa 17
Samstarf 18
IV Fornverkaskólinn 19
Iðnaðarmenn gáfu hús til Fornverkaskólanámskeiða 19
Námskeið í grjóthleðslu 20
Torfhleðslunámskeið I 22
Torfhleðslunámskeið II 22
Torfhleðslunámskeið III og grindarsmíði II 23
Kvikmyndun heimilda, um gamalt byggingarhandverk 23
V Sögusetur íslenska hestsins 24
Heimildabanki um íslenska hestinn 24
Ljósmyndasafn íslenska hestsins 24
Sýningar 25
Fræðsla 25
Samstarf 25

© Byggðasafn Skagfirðinga 2009
Textahöfundar: Arna Björg Bjarnadóttir, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir.

Formáli

„Byggðasöfn ... sinna eingöngu þröngum staðbundnum verkefnum“ sagði Níels Hafstein forstöðumaður Safnasafnsins í viðtali við Morgunblaðið þann 9. júlí 2008. Sú fullyrðing manns í hans stöðu vekur spurningu um hvað hafi farið úrskeiðis í kynningum og umræðum um mismunandi hlutverk safna, eða hver þau eru þessi meintu þröngu staðbundnu verkefni byggðasafnanna. Best er að hver geri grein fyrir sínu safni, því augljóst er og margsannað að aðrir eiga erfitt með að átta sig á því. Hver og einn horfir inn í sinn heim og þekkir gjörla, á meðan aðrir sjá aðeins toppinn á ísjakanum, yfirleitt það sem sett er fram í sýningum eða er miðlað á annan augljósan hátt.

Hlutverk byggðasafnanna eru mismunandi. Flest þeirra eru bundin svæðum, fremur en söfnunarflokkum, þar sem þau halda utan um efnislega menningu á landfræðilega afmörkuðum starfssvæðum eigendanna, sem í flestum tilfellum eru sveitarfélögin. Mörg þeirra gegna lykilhlutverki í varðveislu og miðlun menningar á stórum svæðum. Miklu færri „sinna eingöngu þröngum staðbundnum verkefnum“.

Eins og fram kemur á heimasíðu Hagstofunnar www.hagstofa.is/ voru 158 sýningarstaðir á vegum safna, setra, garða og sýninga á landinu árið 2006 og þeim hefur fjölgað síðan. Þegar grannt er skoðað má sjá að meiri hluti safna, sem skiptast í menningarminja-, lista- og náttúruminjasöfn, bjóða eina sýningu, en nokkur bjóða fleiri. Önnur starfsemi er falin sjónum almennings að mestu. Það er eðlilegt að fólk átti sig ekki alltaf á hvað felst í starfi safnanna, en það er sannarlega umhugsunarvert þegar forstöðumaður safns, skilgreinir ákveðinn hóp minjasafna með þeim hætti að þau sinni einungis „þröngum staðbundnum verkefnum“ á meðan þau hin sömu hafa viðtækar lagalegar starfsskyldur samkvæmt þjóðminjalögum 207/2001, 2. kafla.

Byggðasöfn landsins eru í flokki menningarminjasafna. Sum sinna einnig náttúruminjum. Þau eru langflest landshlutabundin og eign sveitarfélaganna. Starfsemi þeirra er afar mismunandi, eftir því hvaða áherslur eigendur þeirra leggja. Sum eru sannarlega lítið annað en sýning og geta því fallið undir fyrrgreinda skilgreiningu, önnur hafa miklu meira undir og falla með engu móti undir fyrrgreinda skilgreiningu.

Í kafla I í skýrslu þessari eru tíunduð helstu verkefni Byggðasafn Skagfirðinga á árinu 2008. Sum eru hefðbundin og endurtekin ár eftir ár, önnur eru ný af nálinni. Sumum er lokið, en önnur verða áfram í vinnslu. Í kafla II er stiklað að starfi Fornleifadeildar byggðasafnsins sem vex ár frá ári, hægt en örugglega. Í III kafla er fjallað um námskeiðahald Fornverkaskólans, sem er samstarfsverkefni byggðasafnsins með Ferðamáladeild Háskólans á Hólum og Tréiðnadeild Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Í VI kafla eru nefndir helstu áfangar í starfi Söguseturs íslenska hestsins, sem byggðasafnið og Hólaskóli standa á bak við, en setrið sinnir söfnun muna sem tengjast sögu og notkun hestsins fyrir safnið, auk þess sem setur og safn eru í samstarfi um sýningar.

I Byggðasafn Skagfirðinga

Starfsfólk

Í árslok 2008 voru 3 starfsmenn á launum hjá safninu og 2 á fornleifadeildinni. Samtals voru 16 á launum hjá safni og fornleifadeild á árinu og 3 sjálfboðaliðar.

Sumarstarfsfólk við gæslu og móttöku ferðamanna voru: Ágúst og Pálmi Sigurjónssynir, stúdentar frá MA. Brynhildur Þórarinsdóttir, nemandi í FNV. Lilja Rún Bjarnadóttir, náttúrufræðinemi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, Óskar Smári Haraldsson, nemandi í FNV. Róbert Ragnar Guðmundsson og Sigurður Rúnar Pálsson, nemendur í Varmahlíðarskóla og Sara Regína Valdimarsdóttir, kennari við Árskóla. Sjálfboðaliðar við safngæslu og safnkennslu voru Sigríður Magnúsdóttir, Kristín Helgadóttir og Sigrún Fossberg. Bjarni Bragason búfræðingur sá um húsvörslu og skráningar safngripa til hausts. Þá tók Pálmi Sigurjónsson við. Stefanía Sigurðardóttir annaðist þrif. Forstöðumaður safnsins er Sigríður Sigurðardóttir, sagnfræðingur og kennari.

Við fornleifadeild unnu Guðný Zoëga, fornleifa- og mannabeinafræðingur, sem stýrir deildinni, Guðmundur St. Sigurðarson, heimspekingur og meistaranemi í fornleifafræði, Bryndís Zoëga, landfræðingur, sem jafnframt var verkefna- og skráningastjóri Fornverkaskólans, Dr. Douglas Bolender og Berglind Þorsteinsdóttir fornleifafræðinemi.

Umhirða lóðar var í höndum Sigmars Jóhannssonar. S. Helgi Sigurðsson og Bragi Skúlason önnuðustu viðhald á húsum og bæ. Auður Herdís Sigurðardóttir stýrði rekstri kaffistofunnar eins og undanfarin sumur, með þrjá starfsmenn, Kristínu Maríu Gísladóttur, Hrafnhildi Skaftadóttur og Brynhildi Þórarinsdóttur.



Samtals komu um 30 þús. gestir á sýningar safnsins í Glaumbæ og Minjahúsinu á Sauðárkróki. 26760 í Glaumbæ og 1566 í Minjahúsið. Talið er að milli 5 og 6000 hafi komið á sýninguna Annað land. Annað líf. Vesturheimsferðir 1874-1914 í Húsið á Sandi.

Söfnun og skráningar

Safnið er með tvær munageymslur. Önnur er í Minjahúsinu á Sauðárkróki og hin í kjallara Áshússins. Í kjallarageymslunni er tekið á móti munum sem hafa verið úti í einhvern tíma. Báðar uppfylla skilyrði sem sett eru fyrir varðveislu safngripa, með brunavarnar- og öryggiskerfi.

Sara Valdimarsdóttir skráði muni á verkstæðum þeirra bræðra Jóns og Ingólfs Nikodemussona. Skráningin er þannig framkvæmd að allir lausamunir af stærra tagi fá númer og nafn

undir verkstæðisnúmerinu, en smámunir í skúffum fá eitt númer. Á trésmíðaverkstæði Ingólfs voru skráðir um 200 munir en á járnsmíðaverkstæði Jóns um 250.

Tala tölvuskráðra safngripa frá Byggðasafni Skagfirðinga í gagnagrunninum Sarpi eru 2220. Skráðir í aðfangabók eru samtals 4259 gripir. Nýskráðir á árinu 2008 voru 26. Yfir 5000 fornleifar eru skráðar í Sarp.

Búið er að skrá um helming safnmuna í Sarp og aðfangabækur og meira en helming fornleifa í Sarp. Óskráðir safnmunir eru fáir.



Laugardaginn 26. júlí afhentu afkomendur Sigríðar Ásgeirsdóttur (1905-1998) ljósmóður frá Fossi á Skaga, byggðasafninu heiðursskjal frá 1951, sem listamaðurinn Jóhannes Geir útbjó henni til heiðurs. Skjalið er frá konum í Skefilsstaðahreppi. Það var afhent Listasafni Skagfirðinga til varðveislu, en það tók einmitt á móti munum af málarastofu Jóhannesar Geirs á þessu ári.

Rannsóknir

Stærsta rannsókn safnsins á þessu ári var hin svokallaða kirkjurannsókn, sem unnin er með sérfæðingum fornleifadeildar og er tíunduð þar líka. Sigríður Sigurðardóttir tók saman ritaðar heimildir um elstu kirkjustaði í Skagafirði og niðurstöður nýjustu fornleifarannsókna. Kannað var sérstaklega hvernig kirkjurnar birtast í fortíð og nútíð og hvar var grafið. Í ljós kom að grafið hefur verið á um 130 stöðum í Skagafirði frá kristnitöku og fram undir 1300 og fjöldi kirkja hefur verið mun meiri en ætlað hefur verið. Niðurstöður þessarar sögurannsóknar, sem er frumkönnun og forsenda vals á stöðum til að skoða nánar fornleifafræðilega, birtast í Rannsóknarskýrslu Byggðasafns Skagfirðinga nr. 79, 2008, *Kirkjustaðir miðalda í Skagafirði.*

Samstarf starfsmanna fornleifadeildar og safns er mikið og gott og Sigríður skrifaði einnig nokkra söguþætti fyrir fornleifaskráningaskýrslur um jarðir í Akrahreppi, Skagabyggð og víðar í Húnavatnssýslu.

Styrkir

Samtals fékk safnið 4250 þús. kr. í styrki árið 2008.
Úr **Safnasjóði** 2500 þús. kr. til starfseminnar.
Frá **Menningarráði Norðurlands vestra** 500 þús. kr. til heimildamyndar um vinnslu rekaviðar.
Frá **Menningarráði Norðurlands vestra** 100 þús. kr. til sýningarskrárgerðar fyrir sýninguna *Margt býr í moldinni* í Minjahúsinu á Sauðárkróki, á ensku.
Frá **Menningarráði Norðurlands vestra** 100 þús. kr. til þýðingar og útgáfu smárits um torfbyggingar og -hleðslu, *Building with Turf.*

Frá **Húsafriðunarnefnd** 300 þús. kr. til lagfæringa í kjallara Áshúss[1].
Frá **Menningarráði Norðurlands vestra** 750 þús. kr. til efnistöku og skráninga fyrir Fornverkaskólann.



Fornleifavernd ríkisins fer með eftirlit með friðuðum minjum og veitir leyfi til fornleifarannsókna.

---

[1] Útilokað reyndist að ráðast í framkvæmdir í Áshússkjallara og hefur styrkurinn því ekki verið nýttur.

Samstarf

Safnið er í samstarfi við ýmsar stofnanir, sem hefur átt sinn þátt í því að unnin hafa verið mörg mikilvæg verkefni, sem skipta miklu máli til framtíðar litið. Safnið var á árinu 2008 í samstarfi við:

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga
-um uppsetning sýningar um óperusöngvarann Stefán Íslandi.

Vesturfarasetrið á Hofsósi
- um sýningahald og öflun upplýsinga um muni sem Vesturfarar tóku með sér til Ameríku.

Glaumbæjarkirkju
-um gæslu á kirkjunni yfir sumartímann.

Sögusetur íslenska hestsins
-um söfnun muna og sýningahald.

Kaffistofuna Áskaffi
-um húsbúnað, fræðslu, kynningu og áherslur í framboði kaffimeðlætis.

Hólaskóla
- um námskeið fyrir staðarverði, sýningahald, vettvangskennslu og Hólarannsóknina og námskeið á vegum Fornverkaskólans.

Tréiðnadeild Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra
-um Fornverkaskólanámskeið.

Félag ferðaþjónustunnar í Skagafirði
-um undirbúning og vinnu við skipulag og umsóknir til að skapa *Sturlungaslóð* um sögusvið í Skagafirði á Sturlungaöld.

Verslun Haraldar Júlíussonar
- um kynningu, framsetningu texta og miðlun upplýsinga um verslunina.

Safnkennsla, fyrirlestrar, endurmenntun og fleira

Hátt á sjötta hundrað grunn- og framhaldsskólanema nutu safnfræðslu hjá starfsmönnum safnsins. Sigrún Fossberg tók á móti grunnskólahópum í Minjahúsinu og Guðný Zoëga tók á móti fjölda framhalds- og háskólanema bæði þar og víðar í Skagafirði. Sigríður Sigurðardóttir tók á móti nemendum af öllum skólastigum í Glaumbæ.

Nemendur á staðavarðanámskeiði og í ferðamálafræðum við Hólaskóla, Háskólann á Hólum, nemendur í vettvangsnámi í fornleifafræði á vegum Hólarannsóknarinnar og nemendur Fornverkaskólans fengu fyrirlestra og aðstoð frá Bryndísi Zoëga, Guðnýju Zoëga og Sigríði Sigurðardóttur.

Sýningar og sýningagestir

Safnið stendur fyrir 6 sýningum á 5 stöðum. Þar af eru tvær fastasýningar:
- *Mannlíf í torfbæjum 1850-1950* í Glaumbæ á Langholti,
- *Heimilishald 1900-1950* í Áshúsi við Glaumbæ,
- *Margt býr í moldinni* í Minjahúsinu á Sauðárkróki,
- *Gömlu verkstæðin* í Minjahúsinu á Sauðárkróki,
- *Annað land - Annað líf Vesturheimsferðir 1870-1914* í Vesturfarasetrinu á Hofsósi,
- *Saga Hólabiskupa* á Hólum í Hjaltadal.

Sýningar í Minjahúsinu á Sauðárkróki voru opnar 13-18 alla daga frá 10. júní til 26. ágúst. Aðgangur var ókeypis. Sýningar í Glaumbæ og Áshúsi voru opnar 9-18 alla daga frá 1. júní til 15. september og kaffistofan Áskaffi á sama tíma. Aðgangur var 500 kr. f. fullorðna (400 kr. f. hópa), 300 fyrir stúdenta og lífeyrisþega. Ókeypis fyrir yngri en 16 ára.

Barnagull, safnadagur, ljósahátíð og rökkurganga

Auk sýninganna voru viðburðir í Glaumbæ á íslenska safnadeginum og á aðventunni og leikföng úr hornum og beinum voru lánuð til sýningar og leikja á landbúnaðarsýningu í Reiðhöllinni Svaðastöðum 5. árið í röð. Þórey S. Jónsdóttir í Keflavík á veg og vanda að útvegun leikfanga og gæslu í leikfangahorninu.

Stokkið yfir sauðarlegg á safndegi sumarið 2008.

Forseti Íslands Ólafur Rangar Grímsson og forsetafrú Dorrit Moussaieff hófu opinbera heimsókn í Skagafjörð í Minjahúsinu í mars. Við það tækifæri þáðu um sextíu manns góðgjörðir úr Matarkistu Skagafjarðar, sem A. Herdís Sigurðardóttir Áskaffisstýra hafði veg og vanda að.

Safnadagurinn, sunnudagurinn 13. júlí. Um hálft fimmta hundrað gesta komu við og sáu og tóku þátt í ýmsu sem ekki er í boði á hverjum degi. Það var prjónað og þæft, spunnið, brugðið og saumað, úr hrosshári, ull og silkiþræði, smjör var strokkað og borðað nýtt með harðfiski og rúgbrauði og farið í ýmsa leiki á hlaðvarpanum.

Áskaffi var opið dagana 6., 7., 13., 14. og 21. desember frá 16-19 og boðið upp á heitt súkkulaði og meðlæti, svo sem síld með rúgbrauði, jólaköku, vanilluhringi, mömmukossa, hálfmána, málsháttakökur, gyðingakökur, jólaköku, ostaköku, skyrtertu, vínartertu og brúntertu að hætti hússins.

Hópur áhugasamra sjálfboðaliða á Sauðárkróki, sem kalla sig maddömurnar, vildi glæða bæinn sinn lífi á aðventunni og stóðu fyrir jólaljósahátíð í Minjahúsinu laugardaginn 29. nóv. Um 400 manns þáðu kjötsúpuboð maddamanna og nutu létts orgelleiks og jólasöngva, um leið og sýningar voru skoðaðar. Maddömurnar voru einnig með jólamarkað í litla svarta húsinu við hliðina á Minjahúsinu og þar var oft þröng á þingi og glatt á hjalla. Mikill fjöldi fólks naut dagsins á Aðalgötunni og kom víða við á leiðinni á Kirkjutorgið þar sem jólaljósin voru tendruð á trénu stóra þennan sama dag.

Áshúsið beinlínis ilmaði af jólum á aðventunni. Rökkurgöngugestir voru um 240.

Safnmunalán og -viðgerðir

Sögusetur íslenska hestsins er með nokkra muni í láni frá byggðasafninu, í *Theódórsstofu* á Hólum í Hjaltadal. Aðallega húsgögn og borðbúnað.

Vesturfarsetrið er með safnmuni að láni á sýningunum *Akranna skínandi skart* og *Annað land, annað líf, Vesturheimsferðir 1870-1914*. Húsgögn, ferðabúnað, ýmis áhöld og ílát.

Ferðaþjónustan á Flugumýri er með í láni tunnu, tvo hlemma og klyfbera.

Hestakerran sem verið hafði um árabil frammi á hlaði var send í viðgerð til Trausta Pálssonar og er hún enn hjá honum þar sem ekki tókst að laga hjólin að öllu leyti fyrir ármót. Bragi

Skúlason gerði við skáp Bólu-Hjálmars (Nr. 116), sem einn safngesturinn var of nærgöngull við, með þeim afleiðingum að hurðin losnaði af skápnum.

Umhirða húsa og lóðar

S. Helgi Sigurðsson annaðist viðhald og viðgerðir á gamla bænum í Glaumbæ, bæði vor og haust. Sigmar Jóhannsson sá um hirðingu lóðar.

Veggendinn kippti sér um 40 cm þegar hann slengdist niður.

Veggurinn umhverfis lóð safnsvæðisins í Glaumbæ er hlaðinn úr sniddum og streng ofan á einfalt grjótlag. Hann hélt upp á 5 ára afmæli sitt, ef svo má segja, með því að sleppa sér alveg í ofsaroki sem gekk yfir í september og hefur verið afundinn síðan. Endi sá er liggur með heimreiðinni að húsum safnsins hóf sig á loft og er hann féll niður náði hann ekki fyrra fleti og liggur aðeins á skjön við það sem áður var, auk þess sem hann kippti sér aðeins og virðist því styttri en hann var áður. Merkilegt er að sjá hvað getur gerst þegar kraftar náttúrunnar ná tökum á efninu með þessum hætti.

Viðurkenning

Ferðamálasamtök Íslands veittu Byggðasafni Skagfirðinga viðurkenningu fyrir fagmennsku í menningartengdri ferðaþjónustu og rannsóknir. Sú viðurkenning mun skipta máli fyrir störf safnsins og gestagang á næstu árum.



Útgáfa

Gefin voru út tvö ný **smárit**: Nr. IX *Building with Turf* sem er þýðing Nancy Marie Brown á smáritinu Torf til bygginga eftir Sigríði Sigurðardóttur og nr. X *Keldudalur, Fornleifarannsóknir 2002-2007* eftir Guðnýju Zoëga. Smáritið *Kirkjur og bænhús í Skagafirði* nr. III var uppfært og endurútgefið. Gefnar voru út **sýningarskrár** um sýningarnar *Margt býr í moldinni,* á ensku og um *Gömlu Verkstæðin* í Minjahúsinu, á íslensku. Þá var prentaður fjöldi **einblöðunga** til kynningar og um tugur **rannsóknarskýrslna.** Grein um Fornverkaskólann birtist í *Hugur og hönd,* sem er Rit Heimilisiðnaðarfélags Íslands, eftir Bryndísi Zoëga og Sigríði Sigurðardóttur. Prentuð voru 4 **póstkort** með myndum frá Glaumbæ.

Heimasíða safnsins www.skagafjordur.is/byggdasafn er uppfærð reglulega og þar má finna fréttir, starfræna útgáfu fræðsluefnis og umfjöllun um sýningar og aðra starfsemi safnsins og safntengd verkefni.

Skipulag safnsvæðisins

Hjörleifur Stefánsson arkitekt setti fram hugmynd að skipulagi fyrir safnsvæðið í Glaumbæ og teiknaði útfærslu fyrir frágang kjallarans í Áshúsinu, sem enn er ófrágenginn. Hugmynd að útfærslum og nýju aðstöðuhúsi var kynnt fyrir menningarmálanefnd og byggðaráði í mars og sótt var um styrk til Ferðamálastofu og Iðnaðarráðuneytis vegna mótvægisaðgerða á sviði ferðaþjónustu og fyrir aðgerðir í Áshússkjallaranum. Áform voru um að gera hann að einu eldhólfi, setja gifs í loft og á veggi, flota gólfið og leggja á það og skipta rýminu í fernt, þannig að þar skapaðist aðstaða fyrir búr og bökunaraðstöðu fyrir kaffistofuna, geymslu fyrir safnið og salerni fyrir gesti, sem stöðugt fjölgar og aðstaðan í þeim málum orðin allt of lítil. Kostnaður var áætlaður 7- 8 millj. kr. og sótt um 5 millj. þar sem ljóst var að aðgerðina yrði að vinna í einum áfanga. Safnið fékk 1000 þús. kr. í styrk til verkefnisins, sem dugði ekki til að hefja verkið þar sem sveitarsjóður gat ekki tekið á sig það sem á vantaði. Styrkurinn var því afþakkaður þar sem hann var þeim skilyrðum háður að verkið væri fastbundið verk-áætlunum umsóknarinnar.

Mjög nauðsynlegt er að fjölga salernum á safnsvæðinu. Þrjú salerni eru á hæð Áshússins, sem anna engan veginn aðsókn gestanna og eru biðraðir að salernum safnsins stundum það langar að rútufarþegar í stórum hópum ná ekki að komast í gamla bæinn. Þetta gengur ekki.

Hugmynd Hjörleifs um nýtt aðstöðuhús, smíðað með hefðbundnum aðferðum úr torfi, tré og gleri sem gæti risið austur af Áshúsinu og hægt væri að leiða lækinn í tjörn þar hjá. Hugmyndin gerir ráð fyrir að bílaplanið verði fært suður fyrir lækinn.

Guðrún Jónsdóttir arkitekt hefur tekið að sér að deiliskipuleggja safnsvæðið samkvæmt hugmyndum Hjörleifs og safnstjóra. Um stækkun safnsvæðisins til austurs og suðurs, minjagarð og nýtt aðstöðuhús.

III Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga 2008

Starfsemi 2008

Starfsemi Fornleifadeildar byggðasafnsins var fjölbreytt á liðnu ári. Meðal stærstu verkefna voru fornleifauppgreftir á fornum kirkjustöðum í Skagafirði, fornleifaskráning innan og utan héraðs og áframhaldandi samstarf um byggðasögurannsóknir í tengslum við ritun Byggðasögu Skagafjarðar.

Starfsfólk

Eins og fram kom í upphafi skýrslunnar voru tveir starfsmenn í fullu starfi við deildina allt árið, Guðný Zoëga, fornleifafræðingur og deildarstjóri fornleifadeildar og Bryndís Zoëga, landfræðingur sem unnið hefur við fornleifaskráningu og kortagerð, auk þess sem hún er verkefnastjóri Fornverkaskólans. Guðmundur St. Sigurðarson, meistaranemi í fornleifafræði var verkefnaráðinn hluta ársins við fornleifaskráningu, uppgröft og fleira. Berglind Þorsteinsdóttir, fornleifafræðinemi og Dr. Douglas Bolender voru verkefnaráðnir starfsmenn við deildina við fornleifauppgröft, gerð landupplýsingakerfis og önnur verkefni.

Styrkir

Heildarstyrkir ársins 2008 til fornleifarannsókna á vegum Fornleifadeildar voru 3050 þús. kr.

Fornleifasjóður veitti styrk að upphæð 800 þús. kr. til rannsókna á fornum kirkjustöðum í Skagafirði.

Menningarsjóður Norðurlands vestra veitti fornleifadeildinni, í samstarfi við Byggðasögu Skagafjarðar, 250 þús. kr. til rannsókna á eyðibýlum í Skagafirði.

Fjárlaganefnd veitti safninu 2.000 þús. kr. til fornleifarannsókna í Skagafirði.

Fornleifarannsóknir í Skagafirði 2008

Kirkjurannsóknin

Umfangsmesta fornleifarannsókn sumarsins var í tengslum við „skagfirska kirkjurannsóknin“ svokölluðu, sem er ætlað að vera heildarúttekt á öllum kirkjustöðum í Skagafirði með sérstaka áherslu á staði sem engar ritheimildir eru til um eða sem að einungis er getið sem munnmæla eða einvörðungu eru þekktir úr heimildum frá því fyrir siðaskipti. Fornleifafundir og rannsóknir liðinna ára hafa bent til að kirkjugarða sé að finna á miklu fleiri stöðum en áður hefur verið talið en mjög takmörkuð þekking er á eiginlegum fjölda, dreifingu og eðli elstu kirkju- og kirkjugarðaminja á Íslandi. Rannsóknirnar hafa þegar bætt miklu við fyrirliggjandi þekkingu og verða vafalaust uppspretta og grundvöllur frekari rannsókna til framtíðar. Í áfanga sumarsins 2008 voru skráðir og skoðaðir um 20 staðir og grafið var á þremur stöðum, Steinsstöðum í Tungusveit, Skíðastöðum í Laxárdal og Keflavík í Hegranesi. Auk þess fór fram endurskoðun á heimildum í tengslum við sögurannsóknir Sigríðar Sigurðardóttur og kom út skýrsla um þær rannsóknir.

Forn hringlaga kirkjugarður á Ystamó í Flókadal.

Unnið við uppgröft á fornum kirkjugarði á Skíðastöðum.

Á Steinsstöðum höfðu beinaleifar komið í ljós við framkvæmdir á níunda áratugnum en annars eru engar heimildir um kirkjugarð þar. Seinustu heimildir um kirkju á Skíðastöðum eru frá 15. öld. Vísbendingar eru um tilvist bænhúss í Keflavík frá 14. öld en aðrar heimildir er ekki að finna um það. Kirkjugarðurinn á Steinsstöðum liggur undir óhreyfðri gjósku frá 1104 og þar komu í ljós tvær grafir, eldri karlmanns og ungabarns. Beinagrind karlmannsins var tekin upp og bíður frekari rannsóknar. Vísbendingar voru um að grafirnar væru teknar í gegnum leifar forns íveruhúss, líklega skálabyggingar frá Landnámsöld.

Vel varðveitt beinagrind aldraðs karlmanns í kistulausri gröf í 11. aldar kirkjugarði á Steinsstöðum í Tungusveit.

Kirkjugarðurinn í Keldudal, Hegranesi var einnig grafinn í gegn um gamla skálabyggingu en sá garður var frá sama tíma og Steinsstaðagarðurinn.

Á Skíðastöðum fundust leifar einnar grafar og kirkjugarðsveggjar en garðurinn hefur orðið fyrir barðinu á seinni tíma jarðraski. Gröfin hefur verið tekin rétt eftir að 1104 gjóskan féll og innihélt illa farnar beinaleifar yngri konu.

Í Keflavík voru grafnir nokkrir könnunarskurðir og var meðal annars staðfest bæjarstæði Keflavíkurbæjar sem hefur verið aflagt þegar á 11. öld. Minjarnar liggja óhreyfðar í sléttuðu

túni og er ætlunin að kanna þær frekar með jarðsjármælingum en leifar kirkjugarðs fundust ekki við rannsóknina 2008.

Byggðasögurannsóknir

Jarðsokknar leifar skálabyggingar við Garðhúsaskriðu í Hólahaga, Hjaltadal. Skálinn hefur verið aflagður fyrir 1104 en engar heimildir eru til um þetta býli nema ef til vill örnefnin Garðhúsaskriða og Garðhúsagil.

Framhald varð á samstarfi Fornleifadeildar og Byggðasögunnar um fornleifarannsóknir og uppmælingar fornra byggðaleifa. Í ágúst og september var farið í vettvangsferðir í Hjaltadal og Kolbeinsdal til að skoða minjar sem taldar eru leifar fornbýla sem getið er í heimildum en staðsetning hefur ekki verið kunn eða sem fundist hafa við vettvangsferðir en engar heimildir eru til um. Grafið var á þremur stöðum á Hólakoti í Viðvíkursveit, áður óþekktar minjar við Garðhúsagil í Hólahaga og á mögulegu bæjarstæði Ytri-Heljarár í Kolbeinsdal.

Á Hólakoti eru leifar skála, túngarðs og aðrar fornar byggðaleifar. Fornleifakönnunin leiddi í ljós að líklega hefur verið byggð á staðnum þegar fyrir árið 1000 og þar hefur verið stærra býli en á seinni öldum þegar þarna var kotbýli og hjáleiga frá Hólum. Grafið var í leifar viðamikillar byggingar e.t.v. nauta- eða hestaréttar. Býlið virðist komið í eyði eða hluti þess a.m.k. aflagður fyrir gjóskufallið 1104.

Við Garðhúsaskriðu var grafið í leifar gróinnar byggingar sem reyndust leifar íveruhúss, skála, sem hefur verið í byggð frá því skömmu eftir landnám en verið kominn úr notkun eitthvað áður en 1104 gjóskan féll. Í Kolbeinsdal var staðsett bæjarstæði sem líklega er það sama og nefnt er Ytri-Heljará í fornum heimildum. Vísbendingar voru um að þar hafi byggð

hafist fyrir gjóskufallið 1104 en veggur hússins sem kannaður var hefur verið reistur eftir það en bærinn virðist hafa verið kominn í eyði fyrir 1300.

Fornleifaskráning

Guðmundur Sigurðarson skráir skotbyrgi á Akradal. Horft er í átt að Heimdal sem tilheyrir Djúpadal.

Í Sveitarfélaginu Skagafirði voru, í tengslum við skipulag, skráðar alls fjórar jarðir, Viðvík í Viðvíkursveit, Hafsteinsstaðir í Staðarhreppi og Keflavík og Keldudalur í Hegranesi. Auk þess fór fram fornleifaskráning á Nautabúi í Lýtingsstaðahreppi en sú skráning var unnin fyrir ábúendur. Í Akrahreppi voru frumskráðar tvær jarðir, Flugumýri og Stóru-Akrar en auk þess lokið var við skráningu Dýrfinnustaða og Hjarðarhaga.

Verkefni utan héraðs

Auk rannsóknarverkefna í héraði hefur deildin tekið að sér verkefni utan héraðs fyrir sveitarfélög, einka- og framkvæmdaraðila.

Þrjú verkefni voru unnin fyrir Vegagerðina. Voru það könnunarskurðir og uppmæling minja í Hamarsfirði vegna væntanlegrar vegagerðar, fornleifaskráning vegna væntanlegrar gangagerðar milli Norðfjarðar og Eskifjarðar og fornleifaskráning og merkingar minja vegna væntanlegrar vegagerðar í Vopnafirði.

Gerðir voru samningar við sveitarfélögin Húnavatnshreppi og Skagabyggð um fornleifaskráningu og fór fram vettvangsskráning fjögurra jarða í Húnavatnshreppi og sex jarða í

Skagabyggð. Skráningu þessara sveitarfélaga verður framhaldið 2009. Einnig var samningur gerður við Skagaströnd um fornleifaskráningu þar en hún mun fara fram sumarið 2009.

Varða í landi Breiðavaðs, Blönduósbæ.

Stekkjartóft í landi Háls í Hamarsfirði sem hverfa mun við vegagerð. Könnunarskurður var tekinn í tóftina.

Fornleifaskráningu Blönduósbæjar var framhaldið og mun henni ljúka sumarið 2009.

Fornleifaskráning deiliskipulagsreits var unnið fyrir Flugfjarskipti á Bessastöðum, Heggstaðanesi og fornleifaskráning var gerð á Fossi í Hrútafirði fyrir ábúendur þar.

Kynning og miðlun

Einn af meginþáttum í starfsemi Byggðasafnsins er miðlun og kynning á rannsóknum og verkefnum safnsins með útgáfu rannsóknarskýrsla, greinaskrifa og bæklinga svo eitthvað sé nefnt.

Kennsla og fyrirlestrar

Tvö vettvangsnámskeið í fornleifafræði voru haldin á vegum Háskólans á Hólum, fyrra námskeiðið fyrir íslenska nema í fornleifafræði við Háskóla Íslands og hið seinna fyrir erlenda nema á vegum Oslóarháskóla. Starfsmenn fornleifadeildar og safnstjóri Byggðasafnsins komu að kennslunni, héldu fyrirlestra um torf, fornleifaskráningu og auk þess að sjá um vettvangskennslu í fornleifaskráningu.

Deildastjóri fornleifadeildar og safnstjóri Byggðasafns sáu að hluta um kennslu á Staðarvarðanámskeiði á Hólum í Hjaltadal. Námskeiðið er samstarfsverkefni Hólaskóla, Byggðasafnsins og fleiri stofnana á sviði menningararfsins.

Deildarstjóri hélt fyrirlestur um skagfirskar fornleifarannsóknir á ráðstefnu um fornleifarannsóknir á norðurslóðum í Qaqortoq (Julianehåb), Grænlandi og á málþingi í Háskóla Íslands. Einnig héldu starfsmenn Fornleifadeildar þrjú erindi á málþingi á vegum norræns netverks um Víkinga- og Miðaldarannsóknir á Hólum í Hjaltadal.

Sýningar

Deildarstjóri vann við sýninguna Endurfundi á Þjóðminjasafni Íslands sem opnuð var í janúar 2009. Sýningin lýtur að þeim rannsóknum sem unnar voru fyrir styrki úr Kristnihátíðarsjóði á árunum 2001-2005. Safnið fékk styrki úr sjóðnum til ýmissa sértækra greininga á mannabeinum úr uppgreftri á kirkjugarði og kumlateigi í Keldudal, Hegranesi. Á sýningunni og í bók sem kom út í tilefni hennar er að finna helstu niðurstöður greininganna og fornleifauppgrafta í Keldudal.

Útgáfa

Alls voru gefnar út tíu skýrslur á árinu 2008.

Fornleifaskráning í Akrahreppi. Silfrastaðir. Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, mars 2008.

Fornleifaskráning í Akrahreppi. Úlfsstaðir og Kúskerpi. Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, mars 2008.

Fornleifaskráning í Akrahreppi. Djúpidalur og Torfmýri. Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, mars 2008.

Fornleifakönnun í Hamarsfirði. Uppmæling vegagerðarminja og könnunarskurðir í stekkjartóft. Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga, maí 2008.

Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar II. Byggðasögurannsókn. Guðný Zoëga og Hjalti Pálsson. Maí 2008.

Foss í Hrútafirði. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga. Júní 2008.

Viðbót við fornleifaskráningu vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga. Ágúst 2008.

Viðbót við fornleifaskráningu vegna mats á umhverfisáhrifum veg- og gangagerðar í Fjarðabyggð. Guðný Zoëga. Ágúst 2008.

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Bessastöðum, Heggstaðanesi. Bryndís Zoëga, ágúst 2008.

Fornleifaskráning Húnavatnshrepps I. Svínavatn, Hólabak, Upppsalir og Öxl. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. Desember 2008.

Fornleifaskráning Blönduósbæjar II. Enni, Hnjúkar, Sölvabakki, Breiðaðvað. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga. Desember 2008.

Kirkjustaðir miðalda í Skagafirði. Sigríður Sigurðardóttir. 2008.

Önnur útgáfa

Guðný Zoëga: Keldudalur í Hegranesi. Fornleifarannsóknir 2002-2007. *Smárit Byggðasafns Skagfirðinga X,* 2008.

Guðný Zoëga: Sjúkdómar á miðöldum. Í Hrafnkell Lárusson and Steinunn Kristjándóttir (ritstj.) *Skriðuklaustur evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal. Greinasafn Skriðuklaustursrannsókna.* Skriðuklaustur 2008.

Guðný Zoëga: Keldudalur í Hegranesi. Fornleifarannsóknir 2002-2007. Í *Skagfirðingabók. Riti Sögufélags Skagfirðinga nr. 31.* Hjalti Pálsson (ritstj.). Reykjavík, 2008.

Samstarf

Gott samstarf var við Hólarannsóknina og Kolkuósrannsóknir sem fara fram á vegum Hólaskóla og stýrt er af Ragnheiði Traustadóttur. Einnig var gott samstarf við bandaríska sérfræðiteymið SASS, sem sérhæft hefur sig í jarðsjárrannsóknum og stóð fyrir umfangsmikilli fornleifarannsókn á Stóru-Seylu sl. sumar. Einnig var, að vanda, mikið og gott samstarf við Byggðasöguritara Hjalta Pálsson og Kára Gunnarsson sem hefur skilað töluverðri nýrri þekkingu um elstu byggð héraðsins.

Samstarfshópur undir merkjum Hólarannsóknarinnar um Kultur- och Miljöhistoria i nordisk Vikinga- och Medeltid hélt vinnufund að Hólum í Hjaltadal dagana 7.-8. mars þar sem farið var yfir stöðu fornleifarannsókna í Skagafirði. Haldin voru erindi um: Fyrirhugaða útgáfu á niðurstöðum rannsókna að Hólum og Kolkuósi, um rannsóknir á skagfirskum kirkjustöðum í frumkristni, forna byggð í skagfirskum afdölum, um jarðsjárrannsóknir í Skagafirði og þróun tækja til að „þekkja“ neðanjarðar torfveggi, um byggðaþróun frá landnámi til 1300 út frá jarðsjár- og borsýnarannsóknum, um stöðu fornleifaskráninga og -rannsókna í Skagafirði, um steingerð skordýr frá elstu tíð á Hólum, um fundin leirkerabrot á Hólum og Kolkuósi, um greiningar á 50 þúsund dýrabeinum frá Kolkuósi og Hólum, um höfðingjaveldi á mörkum hins norræna heims, um helga menn á miðöldum, um dreifingu brýna sem verslunarvöru á víkingatíma, um eyfirskar og skagfirskar valdamiðstöðvar á miðöldum, um munnmæli og örnefni um forna legstaði og skoðun og skráningar á fornum ferðaleiðum.

IV Fornverkaskólinn

Fornverkaskólinn festi sig í sessi á árinu 2008. Frá vori 2007 til hausts 2008 hafa 57 nemendur sótt námskeið Fornverkaskólans.

1 millj. kr. styrkur frá Vaxtarsamningi Norðurlands vestra, til stjórnunar og verkefna gerði stjórn skólans mögulegt að ráða Bryndísi Zoëga, sem hefur annast skráningar fyrir safnið, sem verkefnisstjóra í hlutastarf. Bryndís hefur skráð öll námskeið Fornverkaskólans, ljósmyndað þau og filmað og heldur utan um heimildabanka þann sem verður til og stækkar ört eftir því sem námskeiðum skólans fjölgar. Hún er landfræðingur að mennt og hefur verið starfsmaður Fornleifadeildar safnsins frá 2004.

Styrkir til námskeiðahalds fengust frá Þjóðhátíðarsjóði, Sáttmála til sóknar í skólamálum í Skagafirði (á bak við sjóðinn standa sveitarfélagið Skagafjörður og Kaupfélag Skagfirðinga). Þá styrkti Menningarráð Norðurlands vestra byggðasafnið til efniskaupa og skráninga.

Fyrsta námskeiðið var grjóthleðslunámskeið sem haldið var í apríl. Þrjú torfhleðslunámskeið voru haldin í vor og haust og eitt grindarnámskeið sem skeytt var við eitt torfhleðslunámskeiðanna. Nemendur á námskeiðunum voru 29. Kennarar voru: Bragi Skúlasona trésmíðameistari, S. Helgi Sigurðsson torf- og grjóthleðslumeistari og Bryndís Zoëga verkefnis- og skráningarstjóri. Nemendur tréiðnadeildar Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra mældu upp gamla húsið að Suðurgötu 5 sem Fornverkaskólinn fékk afhent frá Iðnaðarmannafélaginu í mars og það mun verða liður í námi þeirra framvegis að meta hvernig hefja skal viðgerðir á slíkum húsum.

Fyrirhugað var að halda glugganámskeið á árinu en það frestaðist og stefnt er að því að halda námskeiðið 2009.

3 kennarar Fornverkaskólans/Tréiðnadeildar FNV heimsóttu samstarfsmenn í Noregi og 3 Norðmenn komu til okkar í heimsókn. Þetta er nauðsynlegur liður í að efla tengsl, skiptast á hagnýtum upplýsingum, aðferðum og vonandi nemendum, þegar fram líða stundir.

Hafin var kvikmyndataka á námskeiðunum en fyrirhugað er að gera kennslu- og kynningarmyndbönd sem nýta má í framtíðinni og til að geyma á bestu mögulegri upplausn efni frá námskeiðunum, bæði aðferðir, handverkið sjálft og málfar tengt gömlu byggingarhandverki.

Iðnaðarmenn gáfu hús til Fornverkaskólanámskeiða

Iðnaðarmannafélagið á Sauðárkróki gaf Sveitarfélaginu Skagafirði húseignina Árbakka, að Suðurgötu 5, á Sauðárkróki þann 8. mars 2008. Húsið hefur verði falið Byggðasafni Skagfirðinga til eftirlits og til að nota það til kennslu á námskeiðum Fornverkaskólans. Húsinu fylgir innbú, lóð og peningar, sem ætlaðir eru í efniskaup til viðgerða og til námskeiðahalds. Iðnaðarmannafélagið, sem var stofnað árið 1903, var lagt niður með formlegum hætti þann 7. mars. Það er tímanna tákn að eigur þess verði framvegis vistaðar meðal annarra safngripa Skagfirðinga. Um leið má segja að félagið hafi heldur betur blásið lífi í möguleika til að kenna og varðveita gamlar bygginga- og handverksaðferðir með því að gefa nemendum Fornverka-

skólans tækifæri til að æfa sig á húsinu, en markmið með Fornverkaskólanum er fyrst og fremst að kenna hverfandi handbrögð og aðferðir til að varðveita þau.

Verkefnið er afar spennandi og vonandi mun húsið verða sá minnisvarði sem efni standa til, um störf handverksmanna í fortíð og nútíð og við hvaða kosti fjölskyldur bjuggu á mótunartíma Sauðárkróks á 20. öld. Ingimundur Bjarnason járnsmiður, sem gaf félaginu húsið eftir sinn dag, var með eldsmiðju í kjallaranum og í viðbyggingum eru fjós, hænsnahús o.fl. Allt er enn óskert og vel varðveitt. Meiningin er að varðveita smiðju hans óbreytta og hefja kennslu í eldsmíði er fram líða stundir.

Kynningarferð til og frá Noregi

Atli Már Óskarsson, Björn Björnsson og Bragi Skúlason kennarar við Tréiðnadeild Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og kennarar á námskeiðum Fornverkaskólans fóru til Noregs 23.-26. apríl til að kynna sér aðferðir við handverkskennslu og aðstöðu til að geta heimfært á námskeið skólans. Þeir skoðuðu stokkahúsagerð í Bergen og bátasmíði og grjóthleðslur (þurrmúr) í Harðangursfirði. Þeir heimsóttu handverksverkstæðið og kennslumiðstöðina í Maihaugen og nýttu dagana til að fræðast um hvaða áherslur menn legðu í kennslunni og hvernig best værir að haga henni.

Dagana 25. – 29. júní komu Atle Ove Martinusen, Trond Ooland og Håkon Aase frá Noregi til að hitta kennara Fornverkaskólans. Skoðuðu þeir aðstöðu hjá okkur og gamlar byggingar og lögðu á ráðin með samstarf og sambönd, en við höfum fengið mörg og góð ráð frá þeim félögum og fleiri frá því farið var af stað með námskeiðahald undir merkjum Fornverkaskólans.

Námskeið í grjóthleðslu

Fyrsta grjóthleðslunámskeið Fornverkaskólans 2008 var haldið dagana 27. - 30. mars. Kennari var S. Helgi Sigurðsson. Kennt var að hlaða úr náttúrulegu grjóti og kynnt hugtök, verkfæri og aðferðir sem notuð eru við grjóthleðslu.

Á námskeiðinu hlóðu þátttakendur bogamyndaðan vegg, tæplega fjögurra metra langan og rúmlega metra háan. Farið var í vettvangsferðir um Skagafjörð þar sem skoðaðar voru mismunandi tegundir af hleðslum til þess að veita nemendum yfirsýn yfir notkunarmöguleika efnisins. Hólastaður var sóttur heim og skoðaðar hleðslur í kjallara Auðunarstofu, kirkju og kirkjugarðsveggjum. Einnig voru skoðaðar hleðslur í kjallara Hótel Tindastóls á Sauðárkróki,

að Reynistað, kjallara Áshússins og sökkul Gilsstofunnar í Glaumbær og Hlíðarrétt í Lýtingsstaðahreppi.

Nemendur og kennarar á námskeiðinu: Jósavin Heiðmann Arason frá Akureyri, lengst til hægri, næstur er Einar V. Hjörleifsson á Dalvík. Helgi Sigurðsson kennari er fyrir miðju. Guðni Ólafsson frá Ólafsfirði er annar frá vinstri Magdalena Helga Óskarsdóttir frá Reykjavík, lengst til vinstri.

Miklu skiptir að fara varlega þegar gamlir torfveggir eru rifnir. Taka vel eftir gömlu efni og frágangi og nota allt sem hægt er. Hér er verið að leggja grjót í undirstöður veggja. Kennarinn, S. Helgi Sigurðsson, í miðju segir til um hvar og hvernig.

Torfhleðslunámskeið I

Dagana 28.-31. maí var 1. námskeið ársins og það 4. í torfhleðslu haldið að Tyrfingsstöðum. Nemendur voru 5: úr Grýtubakkahreppi, frá Akureyri, Boston og Súðavík.

Þeir hófu námið með því að taka niður fremsta hluta norðurveggjar „Fjárhúsanna út og niður“ á túni. Kom í ljós að veggurinn hafði einhvern tíma verið lengdur sennilega á 20. öld. Veggurinn er tvöfaldur og á fyrsta degi hlóðu þeir útvegginn upp í hæð við grjótvegginn að innan. Þeir tóku vegginn alveg niður að utanverðu og hlóðu upp á nýtt með streng. Meira grjót er í veggnum að innan eins og oft var í fjárhúsum, en strengjahleðsla að utan.

Tveir nemenda af vornámskeiðinu unnu áfram við torf- og grjóthleðslu og annar þeirra sótti tvö námskeið á árinu og réði sig til vinnu við viðgerðir á Sómastöðum fyrir austan. Gott efni í arfbera, sem vonandi heldur áfram að vinna við hleðslur því hann hefur náð góðum tökum á því.

Torfhleðslunámskeið II

Fyrra torfhleðslunámskeið haustsins stóð yfir 26. -31. ágúst. Það var haldið fyrir Byggðasafn Árnesinga í tengslum við verkefnið *Unlocking Hidden Heritage*. Þátttakendur á námskeiðinu voru 17 frá Þýskalandi, Skotlandi, Írlandi, Íslandi, Hjaltlandseyjum og Kýpur.

Nemendur hlaða útvegg fjárhúsa úr streng. Á garðanum liggur torfljár sem notaður er við að rista strengina. Nemendum er einnig kennt að nota þökuskurðarvél við torftökuna.

Á námskeiðinu var haldið áfram með fjárhúsið „út og niður“ á Tyrfingsstöðum, þar sem nemendur fengu að kynnast aðferðum við torf- og grjóthleðslu. Einnig fengu nemendur fyrirlestra og vettvangskennslu, skoðunarferðir þar sem þeim var kennt að „lesa í landið.

Torfhleðslunámskeið III og grindarsmíði II

Dagana 4.-7. september var annað torfhleðslunámskeið haustsins. Grindin var smíðuð í fjárhúsið „út og niður“ og tyrft á þakið. Einnig lærðu nemendur að rífa rekavið sem notaður var til að refta yfir þakið. Hlaðinn var suðurgafl gamla bæjarins sem tekinn hafði verið niður á fyrra torfnámskeiði.

Kennarar á námskeiðinu voru Bragi Skúlason trésmiður og Helgi Sigurðsson torf- og grjóthleðslumeistari. Nemendur voru 3: úr Reykjavík, af Fljótsdalshéraði frá Súðavík (sá sami og var á vornámskeiðinu), Bryndís Zoëga sá um skráningu.

Bragi segir til um samsetningu húsgrindar.

Kvikmyndun heimilda, um gamalt byggingarhandverk

Í júní hófst kvikmyndataka fyrir kynningar- og kennslumyndband til varðveislu. Mjög mikið og gott efni er nú geymt með þeim hætti.

Rist með torfljá, tvískera, og sýnt hvernig handtök eru best á skammorfið.

Hestar standa á streng..

V Sögusetur íslenska hestsins

Sögusetrið er sjálfseignastofnun, stofnuð af Byggðasafni Skagfirðinga og Hólaskóla, til að sinna rannsóknum, heimildaöflun og miðlun upplýsinga um íslenska hestinn og sögu hans. Með ársskýrslu safnsins eru tíundaðir hér helstu þættir starfseminnar. Arna Björg Bjarnadóttir er forstöðumaður Söguseturs íslenska hestsins.

Heimildabanki um íslenska hestsins

Söfnun, skráning og varðveisla heimilda er einn mikilvægasti þátturinn í uppbyggingu Sögusetursins og sá grunnur sem önnur starfsemi setursins byggir að miklum hluta á, s.s. rannsókna-, fræðslu- og sýningastarf. Við heimildasöfnun á árinu, líkt og árið 2008 lögð áhersla á söfnun, skönnun og skráningu ljósmynda.

Ljósmyndasafn íslenska hestsins

Í febrúar réð Sögusetrið starfsmann í tæplega hálft stöðugildi til að annast skönnun og frumskráningu á þeim ljósmyndasöfnum sem setrinu hafa verið færð að gjöf.

- **Friðþjófur Þorkelsson**, hestamaður færði Sögusetri íslenska hestsins ljósmyndasafn sitt að gjöf. Ljósmyndasafn Friðþjófs spannar marga áratugi og hefur að geyma um tæp 2.000 ljósmyndir sem teknar hafa verið við margvísleg tækifæri, svo sem á hestamótum, í hestaferðum en sérstaklega þó af stóðhestum og hestalitum. Lokið er við skönnun og frumskráningu á ljósmyndasafn.
- **Einar E. Gíslason**, fv. ráðunautur og bóndi, Syðra-Skörðugili færði Sögusetrinu ljósmyndasafn sitt að gjöf. Ljósmyndasafnið hefur að geyma fjölda ljósmynda sem teknar eru á kynbótasýningum á tímabilinu 1950-1980. Skönnun og frumskráning er langt komin.

Fleiri ljósmyndasöfn einstaklinga eru væntanleg í safnið.

Sýningar

- **Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Hollandi.** Sögusetrið setti upp sýningu og kynnti starfsemi setursins á Íslenska hestatorginu á Landsmóti hestamanna Hellu í júlí.
- **Landbúnaðarsýning á Sauðárkróki.**
- **Landbúnaðarsýning á Hellu.**
- **Tekið til kostanna. Alþjóðlegir hestadagar í Skagafirði.** Framkvæmdastjóri Sögsetursins hafði umsjón með framkvæmd hestadaganna. Á kvöldsýningu *Tekið til kostanna* í reiðhöllinni á Sauðárkróki setti Sögusetrið upp leikþætti sem fjölluðu um samneyti manns og hests fyrr á tímum. Í leikþáttunum tóku þátt um 20 leikendur, 2 sögumenn, 8 manna karlakór, söngkona, fjöldi hesta, auk söngstjóra, leikstjóra, sviðsmynda- og ljósahönnuðar. Handrit og umsjón var alfarið í höndum Sögusetursins.

Fræðsla

- **Hrossakjötsveisla Sögusetursins.** Skemmti- og fræðslukvöld um hrossakjötsneyslu landsmanna fyrr og síðar.
- **Ýmis fræðslu- og kynningarerindi** við ýmis tækifæri.
- **Heimsíða.**

Nýsköpunarverkefni

- **Föst yfirlitssýning um íslenska hestinn**. Síðla vetrar fékk Sögusetrið vilyrði fyrir húsnæði fyrir fasta sýningu Sögusetursins á Hólum í Hjaltadal. Um er að ræða gamla smíðaverkstæðið á hlaðinu á Hólum sem upphaflega var byggt sem hesthús, hlaða og geymsla árið 1931. Húsið er hluti af staðarmynd og sögu Hólastaðar. Á árinu 2009 verður unnið að fjármögnun og hönnun sýningarinnar og opnuð árið 2010.
- **Hestaleikhús.** MBA-nemendur í Háskóla Reykjavíkur unnu viðskiptaáætlun að hestaleikhúsi Sögusetursins undir leiðsögn framkvæmdastjóra setursins. Viðskiptaáætlunin mun fara í frumkvöðlakeppni Innovit 2009 um Gulleggið.

Samstarf

- **Byggðasafn Skagfirðinga.** M.a. samkomulag um söfnun og varðveislu muna.
- **Íslenska hestatorgið** er markaðsátak atvinnugreinafélaga hrossaræktar- og hestamennsku og stoðstofnana þeirra. Sögusetrið er stofnaðili og þáttakandi í verkefninu, ásamt Félagi hrossabænda, Félagi tamningamanna, Landssambandi hestamannafélaga, Hólaskóla og WorldFeng. Sameiginlega stóðu þessir aðilar að heildstæðri sýningu á íslenska hestakyninu á landsmóti hestamanna á Hellu.
- **Nordisk friluftsliv** er samstarfsverkefni sem Sögusetrið er þáttakandi í ásamt háskólum á Norðurlöndum. Sögusetrið hélt námskeið um hestinn fyrir nemendur þessara skóla á haustdögum.

- **Hýruspor**, samstarfsverkefni í hestatengdri ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra.
- **Á Sturlungaslóð í Skagafirði**, samstarfsverkefni ferðaþjónustuaðila í Skagafirði um uppbyggingu ferðaþjónustu tengdri Sturlungu.
- **MBA-nemendur í Háskólanum í Reykjavík**
- **HH2 – Breeders and Events.** Vöruþróunarverkefni.
- **Veitingastaðurinn Friðrik V. Akureyri**, **Hótel Varmahlíð**
- **Félag ferðaþjónustunnar í Skagafirði**
- **Ýmsir háskólar og fræðimenn** vegna rannsókna- og þróunarverkefni sem grunnur var lagður að á árinu.